

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 8. maí 1996.

Friðrik Sophusson.

Guðmundur Árnason.

Nr. 42

13. maí 1996

LÖG

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „7,5–földum“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: tíuföldum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Þegar miskastig er minna en 10% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 10%, 12%, 15%, 18% og 20% skulu örorkubætur vera 120%, 125%, 130%, 135% eða 140% af bóttum fyrir varanlegan miska.

3. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögnum eigi síðar en í október 1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.